



Rannsóknarstefna Þekkingarseturs Suðurnesja

Gildi Þekkingarseturs Suðurnesja eru: Rannsóknir – Fræðsla – Fagmennska

Þekkingarsetur Suðurnesja er miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum. Þekkingarsetrið leitast við að vera leiðandi á sviði rannsókna, háskólanáms, fræðslu og samstarfs við rannsókna- og menntastofnanir, háskóla og fyrirtæki, bæði hér á landi og erlendis, á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum.

Markmiðið með rannsóknarstefnu Þekkingarsetursins er að tryggja að ráðgjöf og rannsóknir byggji á bestu fánægum upplýsingum sem fengnar eru með viðurkenndum og vel skilgreindum verkferlum, og hlutlausum vinnubrögðum.

Gæði rannsókna skulu tryggð með:

- Bestu aðferðum sem völ er á.
- Góðri kunnáttu starfsmanna á hverju sérsviði.
- Góðum tækjabúnaði.
- Skýrum og greinargóðum rannsóknaáætlunum.
- Áreiðanlegri vörslu og dreifingu gagna.
- Áherslu á árangur á öllum stigum.
- Faglegri ábyrgð á viðeigandi vettvangi.
- Birtingu niðurstaðna á skjóttan og skilvirkan hátt.

Rannsóknarstefnan er endurskoðuð og uppfærð reglulega.

Stjórnendur sjá til þess að allir starfsmenn þekki og skilji rannsóknarstefnuna og hafi hana að leiðarljósi í starfi.

Ofangreint var staðfest af stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja í febrúar 2026.